

## Fundur í skólaráði Víkurskóla, fimmtudaginn 1. mars 2018

Viðstaddir voru:

Anna Birna Björnsdóttir, fulltrúi kennara, Fjóla Gísladóttir, fulltrúi grenndarsamfélags, Árni Jóhannsson, fulltrúi foreldra, Gunnþóra H. Öunduradóttir, fulltrúi kennara, Áslaug Einarsdóttir, fulltrúi annarra starfsmanna, Kristín Ólafsdóttir, fulltrúi nemenda, Dagur Gnýsson, fulltrúi nemenda og Þorkell Ingimarsson skólastjóri.

1. Skóladagatal 2018-2019 :

Þorkell lagði fram skóladagatalið og greindi frá því að það hefði þegar verið lagt fyrir starfsmannafund til samþykktar. Skólaráð samþykkti dagatalið með undirskriftum sínum.

2. Þorkell fór yfir helstu þætti skólastarfsins frá síðasta fundi.

3. Þorkell upplýsti að Daria íþróttakennari muni hætta störfum vegna barnsburðarleyfis um mánaðamót mars – apríl.

4. Önnur mál:

a) Verkmenntahúsinu var fagnað en skólastjóri upplýsti að það þjónaði þó ekki þörf okkar fyllilega. Þörf er fyrir annað hús sem hægt væri að nýta til smíðakennslu.

b) Fram kom ánægja með breytingar í eldhúsi sem og aðrar lagfæringar, svo sem endurnýjun á ljósum, gluggatjöldum, flísalögn og fleiru.

Önnur mál voru ekki og skólastjóri sleit fundi.

Fundargerð ritaði Gunnþóra H. Öunduradóttir